

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir héraðsdómi:

1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	kr.	600
2. Gjald fyrir þingfestingu	—	4 200
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	—	900
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	—	1 300
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	—	1 300
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	—	1 100
7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	—	5 200
8. Gjald fyrir sjóferðapróf	—	10 500

B. Fyrir Hæstarétti:

1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	kr.	700
2. Gjald fyrir þingfestingu	—	7 000
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	—	1 300
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	—	1 700
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	—	1 700
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	—	1 400
7. Útivistargjald	—	7 000

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

1. Kyrrsetning á manni	kr.	5 200
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga.		
2. Útburður manns af jörð eða húsi	—	5 200
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	—	5 200
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	—	5 200

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 1 700 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 1 700 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp

á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 5 200 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búíð er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 5 200 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 3 500 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 3 500 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 1 500 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 2 100 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir | kr. 1 700 |
| 2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrár | — 2 800 |
| 3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga | — 1 700 |
| 4. Dráttur í happdrætti | — 7 000 |
| 5. Útdráttur skuldabréfa | — 3 500 |

8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 9 24. janúar 1978 um dómsmálagjöld o. fl., og reglugerð nr. 220 12. júní 1978 um breytingu á reglugerð nr. 9 24. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1979.

F. h. r.

Baldur Möller.

Hjalti Zóphóniasson.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland á vetrarvertíð 1979.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 8. mars 1979 eru allar loðnuveiðar bannaðar á vetrarvertíð 1979 austan 22° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.